



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hjallastefnuleikskólinn Laufásborg

Starfsáætlun 2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra mat xxx deildar	7
3 Ytra mat	8
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	9
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	9
6 Foreldrasamvinna	9
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	9
8 Fylgigögn.....	9
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning	9
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	9
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	9



Leiðarljós leikskólans:

Jafnrétti í sinni víðustu mynd. Jákvæðni gleði og kærleikur.

- 1 Greinargerð leikskólastjóra. Skólaárið 2018-2019 einkenndist af miklum metnaði til þess að auka vellíðan og vera meðvituð um að við lifum á hröðum tímum og álag er almennt mikið á fólk og barnafjölskyldur. Við erum með námskrá Hjallastefnunnar að leiðarljósi alla daga og stór þáttur er að skapa rósemi og núvitund. Þar sem við erum með dagskrá sem er eins alla daga, þar sem hópatími og valtími eru bæði fyrir og eftir hádegi gefast mörg og dýrmæt tækifæri til að vinna með börnum og tengjast þeim vel og fjölskyldum þeirra. Þar sem hópstjóri er með hópinn sinn allan veturinn, helminginn af deginum skapast þessi miklu tækifæri. Þetta er mjög mikilvægt að okkar mati, líka endurtekningin á dagskránni, allir dagar eru eins en svo er skapað inn í rammann, valtíminn þar sem börnin velja sér svæði til að leika á og hlutverk kennarans er að fylgjast með að vel gangi og öllum líði vel. Svo hópatíminn þar sem hópstjórinn er með hópnum sínum í innlögn og æfingum og skapar þá fallegu og heilu einingu sem hópurnir er og öll eru jöfn. Þessi sérstaða gefur að okkar mati tækifæri til að mæta hverju barni. Allt starf er skráð (sjá fylgiskjöl) allir valtímar eru skráðir og teknir saman og allir hópatímar líka. Það eru mikil gæði. Samband foreldra og skóla er mjög traust og gefur okkur tækifæri til að gera góðan skóla enn betri. Foreldrarnir eru mjög öflugir eins og kemur vel fram í Samantekt á EM (sjá fylgiskjal) Við erum ein eining og okkur er treyst, sem birtist t.d. í foreldrarkönnun að ekkert þar í athugasemdum höfum við ekki fengið til okkar sem er ómetanlegt. Því við meinum það**



Þegar við segjum að við viljum að foreldrar treysti okkur og við viljum vera traustsins verð. Foreldrafélagið er skipað vöskum mæðrum sem hittast reglulega og skólastýrur með og það er mikil velvild í að styðja við þær hugmyndir sem við komum með. T.d. tók foreldrafélagið þátt í kostnaði á Little bits sem eru nýjung í skólastarfi og við höfum verið með og þurftum að bæta við og endurnýja efniviðinn. Skólastarfið er skapandi og skemmtilegt. Alla daga mætum við með kynjagleraugin á nefinu og í gleðigallanum og sköpum fallega daga með börnunum.

Barnamenningarhátíðin var ótrúlega falleg að okkar mati, við gerðum skákgjörning og tónlistargjörning. Linkur á youtube af stopmotion myndbandinu: <https://youtu.be/qHPjTk4nYfU> Við erum að fara í útgáfu á efni með Steindóri Andersen kvæðamanni en til stóð að ná því núna en það frestaðist. Þar er hann að safna saman lögum og textum sem hann hefur verið að kenna okkur síðastliðin 12 ár og er orðið ansi stórt safn. Það gæti orðið mjög flott.

Við kennarar fórum ásamt fjölskyldum okkar, fjórtíu og þrjár manneskjur til Egyptalands í tíu daga ferð. Þetta var alveg magnað og við erum í skýjunum. Við erum mjög stolt af því bæði hvað við erum mörg sem höfum unnið lengi á Laufásborg (sjá fylgiskjal / ljósmynd) og líka því hversu kynjablandaður kennarahópurinn er sem er mjög athyglisvert og örugglega einsdæmi en **kvenkyn eru 17 og karlkyn 11**. Sumarhátíðin var stórkostleg, fallegur dagur, allir barnahópar gera fallest skraut í garðinn,garðurinn fullur af fólki sem naut þess virkilega að vera saman. Ljósahátíðin okkar er líka með þessu sniði og dýrmætar samverustundir sem skapast í garðinum. Foreldrar eiga heiðurinn af þessum fallegu hátíðum. Það er dýrmætt að vera Laufásborgari. Við erum með fylgiskjöl



sem lýsa best starfinu í vetur. Næst komandi skólaár verður með svipuðu sniði og er markmið okkar að gera góðan skóla enn betri. Okkar endurmat fer fram reglulega yfir veturinn þar sem unnið er úr skráningunni. Líka eru foreldraviðtöl á haustönn og vorönn. Erlendir gestir streymdu til okkar (sjá fylgiskjal) og nú voru fleira fagfólk sem kom en fjölmiðlar sem okkur finnst skemmtileg þróun og afleiðing af mikilli fréttaumfjöllun erlendis. Við förum erlendis á skákmót, höfum farið á HM og EM og líklegast förum við til Grikklands á EM 2. – 12. Apríl 2020



2 Innra mat xxx deildar

Umbótaþættir Xxx deild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



3 Ytra mat

Umbótapættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

6 Foreldrasamvinna

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?		
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum		
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)		
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?		
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?		
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?		
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)		
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?		
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?		
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?		
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?		
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?		Ef já þá hvaða aðrar stofnanir
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?		
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?		

Niðurstöður innra mats



Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítýngi		
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)		
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?		
Er fylgst með framförum barnanna?		
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none">• Orðaforði og málskilningur• Tjáning og frásögn• Hlustun og hljóðkerfisvitund• Ritmál• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun		

Niðurstöður innra mats



Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2019 – 2020
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX



XXXXX XXXXXXXX

XXXXX XXXXXXXX

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulags dagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



